

Ferðamálaráð Íslands
661. fundur haldinn miðvikudaginn 15. september 2004 kl. 12:00
Grand Hótel Reykjavík

Mætt:

Einar Kristinn Guðfinnsson, formaður
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Gunnar Sigurðsson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Hlynur Jónsson, fulltrúi SAF
Felix Bergsson, varafulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Ársæll Harðarson, forstöðumaður markaðssviðs
Einar Gústafsson, forstöðumaður Bandaríkjunum
Haukur Birgisson, forstöðumaður Meginland Evrópu
Lisbeth Jensen, forstöðumaður Norðurlönd
Sigrún H. Sigurðardóttir, forstöðumaður Bretland
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

Fyrir fundinn höfðu ráðsmenn skoðað ferðakaupstefnuna Vestnorden, sem haldin var í Laugardalshöll 13.-15. september. Ákveðið var þar sem allir forstöðumenn stofnunarinnar erlendis voru á landinu að halda kynningu fyrir ráðsmenn á þeirri starsemi sem þar fer fram. Forstöðumaður markaðssviðs fór fyrst yfir almennt okkar markaðsstarf og ýmsa sameiginlega þætti, sem unnir er á aðalskrifstofu. Síðan kynntu forstöðumennirnir hver fyrir sig markaðs- og kynningarstarfið á hverju svæði. Ráðsmenn spurðu um fjölmarga þætti. Loks var ákveðið að kynningar forstöðumannanna yrðu settar á vef ráðsins þar sem þær yrðu öllum aðgengilegar.